


Ísfélag Vestmannaeyja hf  
Strandvegi 26  
900 Vestmannaeyjar



Reykjavík, 8. desember 2014  
Tilvísun: UST20140800040/abb

### Áminning og krafa um úrbætur

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar til Ísfélags Vestmannaeyja hf., dags. 28. ágúst sl., þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávíks í eftirlitsskýrslu, dags. 20. júní sl., vegna brennslu á úrgangsolíu á starfsstöð rekstraraðila í Vestmannaeyjum, þar sem rekstraraðili hafi ekki heimild í starfsleyfi til að brenna slíkri olíu, og bréfs stofnunarinnar til rekstraraðila, dags. 31. október sl., um ítrekun áforma um áminningu og úrbótakröfu. Var rekstraraðila veittur frestur til 7. nóvember sl. (sem var framlengdur til 17. nóvember sl. að beiðni rekstraraðila) til andmæla og til að skila inn staðfestingu þess efnis að hann væri hættur að brenna úrgangsolíu eða skila inn tímasettri úrbótaáætlun um hvernig brennslu úrgangsolíunnar yrði hætt. Stofnuninni hefur hvorki borist slík staðfesting né úrbótaáætlun vegna starfsemi rekstraraðila. Hins vegar hafa borist bréf Juris lögmannsstofu f.h. rekstraraðila, dags. 26. september sl., og 17. nóvember sl. þar sem farið er fram á að fallið verði frá fyrirhugaðri áminningu eða henni frestað.

Umhverfisstofnun hefur byggt mál sitt á því að olía sem rekstraraðili brennir, sem rekstraraðili kallar endurunna olíu, sé úrgangsolía og að rekstraraðila sé ekki heimilt að brenna olíunni án sambrennsluleyfis. Ljóst er að rekstraraðili hefur ekki sambrennsluleyfi og þess háttar mengunarvarnir, sbr. reglugerð nr. 739/2003, um brennslu úrgangs, og er það óumdeilt í málinu. Afmörkun málsins snýst því í raun um það hvort að umrædd olía sé úrgangsolía eða ekki. Afstaða rekstraraðila hefur einkum verið sú að þar sem úrgangsolían sé endurunnin hjá Olíudreifingu ehf. sé hún ekki lengur úrgangsolía.

Umhverfisstofnun áminnti Ísfélag Vestmannaeyja hf. fyrir starfsstöð sína á Þórshöfn með bréfi, dags. 13. janúar sl. þar sem rekstraraðili hafði hvorki skilað staðfestingu til stofnunarinnar á því að ekki yrði brennd úrgangsolía í starfsemi hans né hafði hann skilað úrbótaáætlun um það hvernig brennslu úrgangsolíu yrði hætt, sbr. bréf um áform um áminningu, dags. 16. desember sl. Ákvörðun stofnunarinnar um áminningu var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála með erindi, dags. 11. febrúar sl., þar sem farið var fram á frestun réttaráhrifa og að ákvörðun Umhverfisstofnunar yrði felld úr gildi. Með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 20/2014 (í máli nr. 10/2014) var kröfu rekstraraðila um frestun réttaráhrifa hafnað, en unnið er að efnisúrskurði í því máli.

Mikilvægt er að gera greinarmun á því máli sem snýr að starfsstöð rekstraraðila á Þórshöfn og því máli sem hér er til umfjöllunar vegna starfsstöðvar rekstraraðila í Vestmannaeyjum, þrátt fyrir að um sams konar mál sé að ræða. Ákvörðun um að áminna rekstraraðila vegna starfsstöðvar hans á Þórshöfn var tekin á grundvelli reglna sem voru fyrir hendi á þeim tíma. Þer að geta þess að þær reglur sem stofnunin byggði á í þeirri ákvörðun eru jafnframt í gildi þótt að nýlegar lagabreytingar hafi styrkt málagrundvöll stofnunarinnar eins og nánar verður farið yfir. Það mál sem nú er til meðferðar vegna starfsstöðvar rekstraraðila í Vestmannaeyjum er byggt á fráviki í eftirlitsskýrslu, dags. 20. júní sl., og rökstuðningi sem á við eftir breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2008/98/EB, um úrgang.

Á þessum grunni hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að brennsla þeirrar olíu sem um er deilt sé óheimil án sambrennsluleyfis sbr. reglugerð nr. 739/2003, um brennslu úrgangs, þar sem um er að ræða olíuúrgang sbr. reglugerð nr. 809/1999, sbr. reglugerð 673/2011, eins og rakið er í bréfi stofnunarinnar til rekstraraðila, dags. 28. ágúst sl.

Með lögum nr. 63/2014, um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, var tilskipun Evrópusambandsins nr. 2008/98/EB innleidd í íslenskan rétt í maí sl., m.a. ákvæði um lok úrgangsfasa. Það sem hefur orðið að úrgangi á annað borð heldur áfram að vera úrgangur nema að það uppfylli skilyrði og sértæk viðmið um lok úrgangsfasa. Í 21. gr. laga nr. 55/2003 eru talin upp skilyrði fyrir því að hægt sé að setja fram viðmið þar sem sérstakur úrgangur af tilteknu tagi geti hætt að vera úrgangur með endurnýtingaraðferð, ef hann uppfyllir sértæk viðmið sem sett eru í reglugerð. Í 3. mgr. 21. gr. segir að ráðherra sé heimilt að setja slík viðmið í reglugerð.

Evrópusambandið hefur gefið út viðmið fyrir lok úrgangsfasa, sbr. tilskipun 2008/98/EB, fyrir brotamálma, glerbrot og koparrusl. Hafa þessi viðmið verið innleidd í íslenskan rétt í gegnum EES samninginn (sjá reglugerð nr. 564/2014). Ekki hafa verið gefin út slík viðmið í reglugerð fyrir olíuúrgang, hvorki á vegum Evrópusambandsins né á Íslandi.

Með bréfi rekstraraðila til stofnunarinnar, dags. 17. nóvember sl., er áformum Umhverfisstofnunar um áminningu mótmælt og farið fram á að fallið verði frá þeim með vísun til þess að réttarfarsleg óvissa sé til staðar um starfsemi rekstraraðila sem fyrirhuguð ákvörðun lýtur að og að ákvæði í reglugerð um olíuúrgang hafi ekki lagastöð. Einnig segir að á næstu vikum mun að öllum líkindum verða innleidd reglugerð sem kveður nánar á um meðhöndlun olíuúrgangs svo hann hætti að teljast til úrgangs.

Umhverfisstofnun hefur í þessu bréfi sem áður gert grein fyrir að sú olía sem málið snýst um og rekstraraðili brennir sé úrgangsolía og að óheimilt sé að brenna slíkri olíu án sambrennsluleyfis sem rekstraraðili hefur ekki. Umhverfisstofnun telur málið og grundvöll þess liggja ljósan fyrir. Umhverfisstofnun telur ekki horfur á að á næstu vikum muni umhverfis- og auðlindaráðuneytið ætla að innleiða reglugerð um lok úrgangsfasa fyrir úrgangsolíu. Í fyrsta lagi hefur slík gerð ekki verið sett í Evrópusambandinu og því spurning um hvaða gerð átt er við að verði innleidd, en í öðru lagi þá er stofnuninni ekki kunnugt um að unnið sé að slíkri innlendra reglugerð/viðmiðum, enda ekki fengið slíkt erindi til umsagnar. Eftir fyrirspurn í ráðuneytinu fékk stofnunin þó upplýsingar um að erindi hefði borist ráðuneytinu um að slík viðmið yrðu sett. Orðalag rekstraraðila sjálfs í bréfi sínu, dags. 17. nóvember sl., benda þó á kjarna málsins um að á næstunni muni að öllum líkindum verða sett reglugerð svo olíuúrgangur hætti að teljast til úrgangs. Því er um að ræða olíuúrgang þar til

slík reglugerð verður sett, þar sem fram koma viðmið sem uppfylla skilyrði 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

**Umhverfisstofnun veitir Ísfélagi Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem rekstraraðili hefur hvorki skilað til Umhverfisstofnunar staðfestingu á að ekki verði brennd úrgangsolía hjá fyrirtækinu né tímasetta úrbótaáætlun. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frekari frest til úrbóta til og með 22. desember 2014 áður en litið verður til frekari úrræða stofnunarinnar.**

Sinni Ísfélag Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998. Dagsektir verða þó áformaðar sérstaklega komi til slíkrar ákvörðunar eftir að frestur til úrbóta rennur út. Einnig getur stofnunin gripið til frekari aðgerða sbr. 3. tl. 1. mgr. sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 7/1998. Í 28. gr. sömu laga er heimild til skoðunar og eftirlits, þ. á. m. um töku sýna og myndatöku, og er eftirlitsskyldum aðilum skylt að veita allar upplýsingar og sýni sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að áminning mun verða birt á vefsetri Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið rekstraraðila.


#### **Kæruheimild:**


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

#### **Gjaldtaka:**

Samkvæmt 28. gr. sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013, innheimtir stofnunin tímagjald vegna vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Samkvæmt verkþókhaldi nemur vinna við framangreinda áminningu 15 klst. Tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrár er 11.200 kr. Umhverfisstofnun áformar því að innheimta 168.000 kr. Athugasemdir við áformaða gjaldtöku skulu berast fyrir 17. desember nk.

Gögnum og staðfestingu skal skilað til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllst  
  
Agnár Bragi Bragason  
Lögfræðingur

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri